

starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2013



STARFSMENNTA
VERÐLAUNIN
2010



Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme



EFLING
STYTTARÉLÁN



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit

| Efni | Bls. |
|--|------|
| 1. Yfirlit starfsins 2013 | 2 |
| 2. Úthlutun styrkja | 3 |
| 2.1 Einstaklingsstyrkir | |
| 2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastykir | |
| 3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2013 | 12 |
| 4. Vinnufundur stjórnar 2013 | 15 |
| 5. Starfsáætlun Starfsafls 2013 | 16 |
| 6. Fjárhagur Starfsafls | 17 |
| 6.1 Rekstur 2013 – nokkrar lykiltölur | |
| 6.2 Rekstraráætlun 2014 | |

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2013

Árið 2013 einkenndist af hægum bata efnahagslífsins og setti það mark sitt á starfsemi Starfsafls fræðslusjóðs. Tekjur sjóðsins af iðgjöldum jukust um 10% en dugðu engan veginn fyrir styrkjum. Enn jókst fjöldi veittra einstaklingsstyrkja til félagsmanna aðildarféлага sjóðsins en aukningin var minni en áður. Árið var metár í sögu sjóðsins hvað snertir úthlutun styrkja og er það mjög ánægjulegt.

Ávöxtun á höfuðstól sjóðsins var með miklum ágætum eða 6,1% umfram verðbólgu. Sjóðurinn stendur enn vel þrátt fyrir bankahrunið haustið 2008 þegar náðist að verja eigur sjóðsins að öllu leyti.

Einstaklingsstyrkir árið 2013 voru 2.533 og jukust um 2% frá árinu 2012. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa jafnmargir styrkir verið veittir. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fjölgaði um 7% frá árinu 2012. Greiddum styrkjum til fyrirtækja fjölgaði og munar mest að eldri styrkloforð (frá 2012) komu til greiðslu á árinu 2013. Sjóðurinn hefur dregið úr styrkjum til námsefnisgerðar og hefur beitt reglu um hámarksgreiðslu á kennda klukkustund um nokkurt skeið. Fleiri starfsmenntasjóðir koma nú að verkefninu Fræðslustjóri að láni þannig að dregið hefur úr framlögum Starfsafls til verkefnisins, til lengri tíma litið. Betur má ef duga skal og enn er lögð mest áhersla á að auka fyrirtækjastyrki sjóðsins.

Starfsafl nýtti sér veglega styrki frá Menntaáætlun ESB á árinu og er það sjóðnum mikil hvatning til að halda áfram að leita nýjunga, læra af öðrum þjóðum og bæta þjónustu sjóðsins. Nettótekjur sjóðsins af Evrópustyrkjum námu um 6,5 m.kr. en að baki þeirri tölu er mikil vinna starfsmanna sjóðsins.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum, Valdísi Steingrímisdóttur, verkefnisstjóra Starfsafls og hinum ýmsu samstarfsaðilum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu á liðnu ári.

Reykjavík, í maí 2014,

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri



2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er að styrkja fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinnti sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2013. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaganna á vinnustaðafundi eða að stjórnendum fyrirtækja voru heimsóttir.

2.1. Einstaklingsstyrkir



Á árinu 2013 voru veittir alls 2.533 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa verið veittir fleiri einstaklingsstyrkir. Það er um 2% aukning á fjölda miðað við 2012 sem var metár hjá sjóðnum. Fé til þessara styrkja jókst hlutfallslega meira, úr 82,9 m.kr. árið 2012 í 94,0 m.kr árið 2013 eða 13% hækkun (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fjölgaði um 5% en heildarupphæð hækkaði 8%. Upphæð hvers íslenskustyrks hækkaði sem nemur u.þ.b. almennum verðlagsbreytingum milli ára eða um 3%.

Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2012 og 2013.

| | 2012 | 2013 | % breyting frá 2012 |
|-----------------------------|-----------|-----------|---------------------|
| Fjöldi styrkja alls | 2.474 | 2.533 | +2% |
| Upphæð styrkja alls | 82,9 m.kr | 94,0 m.kr | +13% |
| Meðalupphæð styrks | 33.491 kr | 37.111 kr | +11% |
| Fjöldi íslenskustyrkja | 754 | 791 | +5% |
| Upphæð íslenskustyrkja alls | 18,1 m.kr | 19,5 m.kr | +8% |
| Meðalupphæð íslenskustyrks | 24.005 kr | 24.652 kr | +3% |

Hámarksupphæð einstaklingsstyrkja var óbreytt, 60.000 kr, árið 2013, en aldrei er þó meira styrkt en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum iðgjalda en fullur styrkur miðast við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Upphæð styrkupphæðar hefur verið óbreytt í nokkur ár en kostnaður við nám hefur sífellt aukist. Einnig er meira um að félagsmenn fari í lengra nám t.d. framhaldsskólanám og háskólanám. Upphæð uppsafnaðs þriggja ára einstaklingsstyrk var hækkuð í 180.000 kr fyrir tveim árum en hefur lítið haft að segja í útgjöldum sjóðsins þar sem slíkir styrkir eru innan við 20 á ári.

Fjöldi einstaklingsstyrkja 2012 og 2013




Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árin 2012 og 2013 og dreifing á nám.

Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 31% allra styrkja (Mynd 1), og var nánast sama hlutfall og 2012. Enn er stöðug eftirspurn eftir íslenskunámi. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar 22% (Mynd 2), sem er sama hlutfall og árið


2012. Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 6% af heildarfjölda (sami og 2012) en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 16%, heldur hærri en 2012 (13%). Fjöldi styrkja í nám í formliga skólakerfinu er svipaður og áður eða 41% (háskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, starfsnám, sérskólar) af fjölda en var 43% árið 2012 (Mynd 2). Styrkir til háskólanáms hafa aukist aðeins en eru svipaðir og áður til framhaldsskólanáms. Aðrar tegundir náms eru svipaðar og áður.

Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árin 2012 og 2013 á nám.

Þjóðerni umsækjenda 2013



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting fjölda einstaklingsstyrkja 2013 eftir þjóðerni umsækjenda.

Íslendingar eru tæpur helmingur styrkþega árið 2013, hlutfallslega aðeins færri en 2012 (49%). Auk íslendinga voru pólvérjar áberandi meðal styrkþega, 23% árið 2013 en voru 26% árið 2012. Það vekur athygli að danir eru nú fjölmennari en oft áður eða 9%. Þar á eftir koma litháar, víetnamar, tailendingar og filippseyingar, 1 – 4% hver þjóð. Aðrar þjóðir voru fámennari.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir

Alls bárust 75 umsóknir fyrirtækja um styrki á árinu 2013 sem er sami fjöldi og árið áður (Tafla 2). Ein umsókn var dregin tilbaka. Veitt voru 74 styrkloforð til fyrirtækja á árinu 2013 sem er um 7% fjölgun frá 2012. Greiddir voru alls út 72 styrkir til fyrirtækja (67% fleiri en 2012) að upphæð um 14,9 m.kr. Heildarupphæð verkefnastyrkja 2013 var mun hærri en árið 2012, eða 32,5 m.kr eða 35% hærri heildarupphæð miðað við 2012 (23,5 m.kr., Tafla 2) og vega ESB styrkir þar um helming upphæðarinnar. Hækkun fyrirtækjastyrkja á sér ýmsar samverkandi skýringar, hærri styrkir til íslenskunáms, hærri styrkir til fræðslustjóráverkefnis og fleiri styrkir frá 2012 voru greiddir út.

Meðaltal styrkuppþæða til fyrirtækja lækkaði frá 2012, er nú tæplega 207 þús. kr.



Af öðrum verkefnastyrkjum ber mest á styrkjum frá Menntaáætlun ESB (einkum Leonardo áætluninni) og þar komu inn tekjur á móti. Gerð verður nánari grein fyrir þeim styrkjum síðar í skýrslunni.

Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2012 og 2013.

| | 2012 | 2013 | % breyting frá 2013 |
|---------------------------------------|-----------------|-----------------|------------------------|
| Umsóknir fyrirtækja til Starfsafls | 75 | 75 | 0% |
| Samþykkt styrkloforð | 69 | 74 | +7% |
| Fjöldi greiddra styrkja alls | 43 | 72 | +67% |
| Greiddir fyrirtækjastyrkir | 10,9 m.kr | 14,9 m.kr | +37% |
| Meðalupphæð fyrirtækjastyrks | 253.488 kr | 206.944 kr | -18% |
| <i>Íslenskustyrkir til fyrirtækja</i> | <i>0,3 m.kr</i> | <i>1,0 m.kr</i> | |
| <i>Fræðslustjóráverkefni</i> | <i>0,4 m.kr</i> | <i>3,8 m.kr</i> | |
| Evrópuverkefni | 11,9 m.kr | 16,1 m.kr | +35% |
| Aðrir styrkir | 0,6 m.kr. | 1,6 m.kr | |
| Upphæð verkefnastyrkja alls | 23,5 m.kr | 32,5 m.kr | +38% |


Starfsafl hefur meðvitað forgangsraðað fræðslustyrkjum á kostnað annarra verkefna t.d. á sviði námsefnisgerðar. Það hefur verið mat stjórnar að á meðan sjóðurinn er rekinn með halla þá skuli beinir fræðslustyrkir til fyrirtækja og einstaklinga njóta forgangs. Lægri styrkir hafa því ekki bitnað á starfsfræðslunni í fyrirtækjum. Þvert á móti hafa sífellt fleiri félagsmenn notið fræðslu með fyrirtækjastuðningi Starfsafls. Þeir voru alls um 2.551 árið 2013 á móti 2.278 árið 2012 sem er 12% aukning. Þegar við bætast 2.533 einstaklingsstyrkir er ljóst að fræðslustyrkir Starfsafls ná til mikils fjölda þeirra starfsmanna sem greitt er af til sjóðsins. En betur má ef duga skal.

Styrkir til námskeiða fyrirtækja 2012-13



Mynd 4. Samanburður á hlutfallslegum kostnaði við greidda styrki til fyrirtækja árin 2012 og 2013, flokkað eftir tegund starfsnáms eða verkefnum.

Hlutfallsleg skipting kostnaðar fyrirtækjastyrkja eftir atvinnugreinum 2012-13



Mynd 5. Samanburður á hlutfallslegum upphæðum styrkja til fyrirtækja árin 2012 og 2013, flokkað eftir atvinnugreinum.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna (Tafla 3). Styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru enn of lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Margt hefur áunnist en betur má ef duga skal.

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2013.

| Umsækjandi | Verkefni | Samstarf |
|-----------------------|--------------------------|-------------------------|
| 1912 og Ekran | Sölu og þjónustunámsk. | Gerum betur |
| Agnar Ludvigsson | Gæðamál | Sýni |
| Airport Associates | Skyndihjálp | MSS/Rauði krossinn |
| Avis bílaleiga | Fræðslustjóri að láni | RM ráðgjöf |
| ÁÁ verktakar ehf. | Lyftaranámskeið | Vinnueftirlitið |
| Bílaleigan Berg | Þjónustunámskeið | Gerum betur |
| Elding | Fræðslustjóri að láni | Attentus |
| Farfluglar | Öryggisnámskeið | VSI Öryggishönnun |
| Glófi | Vinnuvernd | Vinnuvernd ehf |
| Hagvagnar | Vistakstur | Landvernd |
| HB Grandi | Fisktækninám | Fisktækniskólinn |
| Hlaðbær Colas hf. | Meirapróf | Ökuskólinn í Mjódd |
| Hótel Rangá | Þjónustunámskeið | Gerum betur |
| Hreint ehf. | Stjórnendabjálfun | Vendum ehf |
| Hressingarskálinn | Dyravarðanám | Mimir |
| IGS Flugþjónusta | Meðferð matvæla | Sýni |
| Íslenska gámafélagið | Vinnuvélanámskeið | Vinnueftirlitið |
| K2 Loftstokkahreinsun | Verkstjóranámskeið | Nýsköpunarmiðstöð |
| Kaffitár | Kaffibarþjónar - þjálfun | Eigin fræðsla |
| Katla matvæli | Gæðamál | Sýni |
| KFC ehf. | Íslenska | Kvöldskóli Kópavogs |
| Kjörís ehf. | Meðhöndlun matvæla | Sýni |
| Lýsi hf. | Fræðslustjóri að láni | Attentus |
| Meira fjör ehf | Skyndihjálp | Rauði krossinn |
| Miklartorg-Ikea | DOOR training | Sverrir Ragnarsson |
| N1 | Stjórnendabjálfun | Háskólinn í Reykjavík |
| Nói Sírius | Fræðslustjóri að láni | RM ráðgjöf |
| Radison SAS 1919 | Brunavarnir | VSI Öryggishönnun og ÖM |
| Reykjavík Excursions | Ýmis námskeið | Ýmsir aðilar |
| Samskip | Fræðsla haust 2012 | Ýmsir aðilar |
| Securitas hf. | Þjálfun öryggisvarða | Eigin fræðsla |
| Serrano Ísland ehf. | Fræðslustjóri að láni | RM ráðgjöf |
| Svalþúfa ehf | Meirapróf | Ökuskólinn |
| Vífilfell | Vinnuvélanámskeið | Vinnueftirlitið |

Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafls má nefna eftirfarandi atriði.

- Framkvæmdastjóri hefur skrifað greinar í dagblöð þar sem vakin er athygli á þjónustu Starfsafls. Þau skrif þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að vekja athygli stjórnenda á starfsmenntamálum.
- Framkvæmdastjóri hefur einbeitt sér að skrifum í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna stéttarfélaganna. Þar eru nefnd dæmi um félagsmenn sem hafa notið fyrirgreiðslu (vitnisburður) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafl. Það hefur oft skilað miklu í fyrirspurnum til Starfsafls.
- Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
- Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafls fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir. Þessi aðferð hefur dugað vel og verður haldið áfram á sömu braut.
- Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja á 30-45 daga fresti. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavini á þjónustu sjóðsins.
- Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins. Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja til hins betra. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
- Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.



Frá undirskrift samninga um Fræðslustjóra að láni í höfuðstöðvum Nesfisks, f.v. Hjörleifur P. Hannesson, MSS, Birna V. Jakobsdóttir, MSS, fræðslustjórar að láni, Ævar Jónasson, Nesfiski, Sveinbjörg Gunnlaugsdóttir, Nesfiski, Sveinn Aðalsteinsson, Starfsafl.



Frá undirskrift samnings um Fræðslustjóra að láni á skrifstofu Serrano, f.v. Jón Ragnar Jónsson, rekstrarstjóri, Ragnar Matthíasson, fræðslustjóri að láni, Guðni Vignir Samúelsson, gæðastjóri.

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2013.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 13 stjórnarfundir á árinu 2013. Í stjórn sátu:

| <i>Nafn</i> | <i>Tilnefningaraðili</i> | <i>Annað</i> |
|-------------------------|--|----------------------|
| Árni Ingi Stefánsson | Samtök atvinnulífsins | Til og með júní 2013 |
| Dagmar Viðarsdóttir | Samtök atvinnulífsins | Frá og með júlí 2013 |
| Guðrún S. Eyjólfsdóttir | Samtök atvinnulífsins | Stjórnarformaður |
| María Guðmundsdóttir | Samtök atvinnulífsins | |
| Atli Lýðsson | Efling stéttarfélag (Flóabandalagið) | |
| Kolbeinn Gunnarsson | Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið) | |
| Jóhann R. Kristjánsson | Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið) | |



*Árni Ingi Stefánsson,
fráfarandi
stjórnarmaður
Starfsafls*



*Dagmar Viðarsdóttir
tók sæti Árna Inga
sem stjórnarmaður
Starfsafls*

Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundir hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Verður haldið áfram á sömu braut eftirleiðis, eftir því sem kostur er. Aðstæður fyrirtækja til að taka á móti heimsóknum eru þó eðlilega misjafnar. Fréttir af þessum heimsóknum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna.

Þróun nýrra námsleiða og úrræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Fræðslustjóri að láni

Starfsafl hefur um árabil verið í samstarfi við Landsmennt í verkefninu Fræðslustjóri að láni en árið 2009 tókst samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SA og VR/LÍV) sem hefur gefið verkefninu enn frekari slagkraft. Árið 2013 var engin undantekning í því, unnið var áfram með eða án aðkomu annarra sjóða í að koma verkefninu á í ýmsum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfsþróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru sem fyrr Attentus – mannauður og ráðgjöf, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og RM ráðgjöf. Það er mat Starfsafls að þessi nálgun hafi þegar skilað sér í breyttum og jákvæðum viðhorfum til starfsmenntunar og miklum árangri í framtíðinni. Aðkoma SVS og fleiri sjóða hefur þýtt að verkefnið hefur náð til mun fleiri starfsmanna á þjónustusvæði Starfsafls og dregið mjög úr kostnaði Starfsafls vegna þessa verkefnis. Sjá einnig umfjöllun um ESB verkefni hér á eftir.



Við undirritun samninga um Fræðslustjóra að láni til Centerhotels, f.v. María Guðmundsdóttir (SAF), Ragnar Matthíasson (RM ráðgjöf, fræðslustjóri að láni), Eva Jósteinsdóttir (Centerhotels), Sveinn Aðalsteinsson (Starfsafl), Sólveig Snæbjörnsdóttir (SVS). Verkefnið var kostað af Starfsafl í samstarfi við fræðslusjóð verslunarmanna og SA (SVS).

Þáttaka í Evrópuverkefnum

Mannaskiptaáætlun Leonardo

Starfsafl hefur í nokkur ár séð um umsóknir og ut anumhald mannaskiptaverkefna á vegum starfsmenntaáætlunar ESB eða Leonardo verkefna. Öllum fyrirtækjum á póstlista Starfsafls var boðið að taka þátt. Umsókn var send inn í ársbyrjun 2011 og var samþykkt um mitt ár. Styrkurinn var notaður til að senda 15 einstaklinga, Eflingarfélag, frá 6 fyrirtækjum þ.e. Eflingu stéttarfélagi (sem sendi atvinnuleitendur), Vinnumálastofnun, ISAVIA, Kjörís, Eimskip og Skeljungu, til vinnustaða á Norðurlöndunum í vikupjálfun. Styrkurinn var að upphæð 3,6 m.kr. og var notaður til að kosta ferðir og upphald starfsmanna eða atvinnuleitenda. Ferðir sem þessar hafa áður verið styrktar af Leonardo áætluninni og hafa tekist afskaplega vel og skilað miklum árangri. Ferðirnar voru farnar þegar hentaði viðkomandi starfsmönnum og fyrirtækjum og voru flestar farnar árið 2012. Móttökufyrirtækið greiðir götu starfsmanna fyrirtækjanna erlendis og sér þeim fyrir þjálfun og kynningu á vinnubrögðum og tækni sem starfsmenn flytja síðan með sér heim til síns heimavinnustaðar á Íslandi. Verkefninu lauk formlega árið 2013. Styrkurinn er mikil viðurkenning á starfi Starfsafls.

Yfirfærsluverkefni „Fræðslustjóri að láni“

Starfsafl undirritaði haustið 2011 samning um styrk frá ESB í Leonardo menntaáætluninni vegna útflutnings á verkefninu "Fræðslustjóri að láni". Verkefnið er til tveggja ára og snýst um að flytja út hugmyndafræði "Fræðslustjóra að láni" til Austurríkis og Spánar. Styrkurinn nemur um 194.000 evrum og þar af eru 53.500 evrur (ca 8,7 mkr) eyrnamerkta Starfsafl, sem er verkefnisstjóri.

Verkefnið *T-Planner (Training Planner) for SMEs* eða Fræðslustjóri fyrir smáfyrirtæki miðar að því að flytja út hugmynd sem þróuð hefur verið á Íslandi sbr. umfjöllun hér að ofan um verkefnið. Verkefnastyrkurinn hefur verið notaður til að þjálfa ráðgjafa á þessu sviði í Vín í Austurríki og í Bilbao á Spáni og nú er handbók fyrir ráðgjafa nánast tilbúin. Verkefninu lauk árið 2013 með samningu handbókar fyrir ráðgjafa. Bókin kemur út árið 2014.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Starfsafl fræðslusjóður, Attentus mannauður og ráðgjöf ehf., BEST Training and Consultancy í Vín og FF Euskadi í Bilbao á Spáni. Starfsafl og Attentus mannauður og ráðgjöf ehf. hafa yfir 5 ára reynslu í þróun hugmyndafræðinnar á bakvið Fræðslustjóra að láni í yfir 60 fyrirtækjum með um 6000 starfsmenn í ýmsum atvinnugreinum. BEST og FF Euskadi eru þekkt símenntunarfyrirtæki á sínu starfssvæði og með mikla reynslu af alþjóðlegum verkefnum.

Niðurstöður verkefnisins eru m.a. heimasíða, áður nefnd handbók fyrir ráðgjafa og þróun og kennsla námskeiðs fyrir ráðgjafa auk tilraunaverkefna meðal smáfyrirtækja í Austurríki og á Spáni. Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur verið þróað enn frekar hér á landi með tilstuðlan verkefnisins og verið gert enn betra.

Grundtvig-verkefnið GARDEN

Árið 2012 hófst GARDEN verkefnið sem Starfsafl tók þátt í. Verkefnið miðaði að því að efla grunnleikni (basic skills) ungs fólks sem stendur höllum fæti m.a. vegna atvinnuleysis eða lítillar formlegrar menntunar. Verkefnið notar garðinn sem kennslusvæði og hefur nú verið útbúið kennsluefni sem miðar að eflingu ýmissa starfshæfnispátta ungs fólks á, eða utan, vinnumarkaðar. Auk Starfsafls tóku fræðsluaðilar og stofnanir í Austurríki, Lettlandi, Bretlandi, Spáni og Þýskalandi þátt í verkefninu. Verkefninu lauk í lok árs 2013.

Yfirfærsluverkefnið NordGreen EQF

Árið 2013 sendi Starfsafl inn umsókn í Leonardo áætlun ESB með heitinu *NordGreen EQF*. Umsóknin var samþykkt og skrifað var undir samning við Skrifstofu menntaáætlunar ESB á Íslandi í sept. 2013. Verkefnið er samvinna allra Norðurlandanna og miðast að því að skrifa námskrá, byggt á námshlutum (módúlum) og námsbók í skrudgarðyrkju sem henti bæði formlega og óformlega skólakerfinu. Vonir standa til að námskráin og ferlið við gerð hennar hafi yfirfærslugildi varðandi annað iðnnám og geti því hentað markhópi Starfsafls vel. Styrkurinn nemur 188.000 evrum (um 30 m.kr.) og er hlutur Starfsafls um 28.300 evrur (4,5 m.kr.).



Frá undirritun samninga Leonardo yfirfærsluverkefna haustið 2013.

4. Vinnufundur stjórnar 12. nóv. 2013

Þann 12. nóvember 2013 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls árlegan vinnu-og stefnumótunarfund.

Þema fundarins voru leiðir til að auka menntastig almennra starfsmanna í atvinnulífinu. Sett voru fram eftirfarandi punktar sem verða til mótunar og leiðarljós sjóðsins áfram.

Almennt:

Fyrirtækið sem námsstaður. Starfsafl hefur ætíð lagt áherslu á mikilvægi fyrirtækjanna sem námsstaðar og mun svo verða áfram.

- Auka þer veg fyrirtækjaskóla.
 - o Fræðslustjóri að láni – aukafjármagn, fleiri tímar, aukin eftirfylgni. Fræðslustjóraverkefnið vekur athygli á þætti fyrirtækjanna í menntun starfsmanna en aðalávinningur þess er betri nýting fjármuna sjóðsins (og fyrirtækjanna) í menntun starfsmanna.
 - o Fleiri vottaðar námsleiðir. Vottaðar námsleiðir hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki í menntun starfsmanna og miklu skiptir að atvinnulífið, fyrirtækin og stéttarfélög, beiti sér áfram á þeim vettvangi.
 - o Hlutaskipt nám. Hlutaskipt nám (módúlauppbygging) hefur reynst farsæl leið til að auka menntun starfsmanna þar sem takmarkið er viðurkennd gráða eða starfsréttindi.
- Raunfærnimat – aukið, fleiri leiðir. Raunfærnimat er mjög mikilvæg leið til að meta reynslu og þekkingu. Þar má sjá samvinnu formlega og óformlega skólakerfisins eins og hún gerist best og áhrifaríkust.
 - o Einstaklingar styrktir. Skoða þarf leiðir til að auka hvatningu starfsmanna til að leita sér raunfærnimats.
 - o Fyrirtæki styrkt. Velvilji fyrirtækja skiptir miklu máli í hvatningu til starfsmanna um að leita sér raunfærnimats og áframhaldandi náms.
- Hlutaskipt nám
 - o Auka þarf umræðu/sátt um hlutaskipt nám
 - o Fé í tilraunakennslu og mat (ferðapjónusta, skrudgarðyrkja, málmsmiði)
 - o Fé í námsskrárgerð
- Votta alla reynslu og meta til eininga
- Hækkun einstaklingsstyrkja eyrnamerkt einingabæru námi er ein leið en vandasöm í framkvæmd.

Uppstokkun starfsmenntaiðgjaldakerfisins?

- Einföldun sjóðakerfisins

Verkefni sem snúa einkum að Starfsafl:

Sameiginleg fyrirtækjagátt á vefjum fræðslusjóða myndi auðvelda fyrirtækjum að sækja sér styrki til námskeiðahalds.

Hækkun einstaklingsstyrkja:

- Almenn hækkun starfsnámsstyrkja (ath. meiraprófsstyrki)
- Eyrnamerkt einingabæru námi. Vandasamt í framkvæmd.

Rædd var sú hugmynd að ráða erindreka/sölumann þjónustu sjóða til fyrirtækja (tilraunaverkefni). Maður-á-mann aðferðin við að koma þjónustu sjóðsins á framfæri.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2014

Á vinnufundi stjórnar í október var farið yfir niðurstöður ársins 2013, eftir því sem unnt var, og lagðar línur fyrir starfið 2014 í ljósi umræðna á fundinum og undirbúnings fyrir hann.

Verkefni:

- Verkefni:* Kynningarátak.
Leiðir: Unnið verður gerð kynningarmyndbanda um sjóðinn, einkum fyrirtækjaþjónustu hans. Samstarf við aðra fræðslusjóði þar sem það er mögulegt.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: 2014 - 2015
- Verkefni:* Aukin einföldun umsóknarferlis fyrirtækja
Leiðir: T.d. með sameiginlegri vefgátt. Lögð verði áhersla á frekari samræmingu styrkjaúthlutuna til fyrirtækja.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: 2014 - 2015
- Verkefni:* Sjóðurinn mun kappkosta að auka þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.
Leiðir: Áfram verður unnið að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Lögð verður áhersla á eftirfylgni starfsmanna sjóðsins við fyrirtæki þannig að símenntunar-áætlanir komist til framkvæmda. Lögð verður sérstök áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki (1-50 starfsmenn). Byggt verður á samstarfi við SVS, Landsmennt og fleiri sjóði við kostun fræðslustjóra að láni sem þýðir minni útgjöld fyrir Starfsafl en óbreytt eða aukin þjónusta við fyrirtæki. Dregið verður úr aðstoð vegna námsefnisgerðar nema að hún falli að sértækum markmiðum sjóðsins. Hámark á styrki pr. kennda kennslustund eins og verið hefur.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2014
- Verkefni:* Áhersla á að kynna rafrænt farnám fyrir atvinnulífið.
Leiðir: Samstarf við FA, SAF, SVP, aðra starfsmenntasjóði og erlenda aðila. Sótt verður áfram í ýmsa sjóði.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls ásamt Eflingu og SAF.
Tímarammi: 2014 - 2015
- Verkefni:* Áhersla á gæðamál, m.a. með notkun úttektarferils sem Starfsafl hefur þróað og EQM ferla.
Leiðir: Samstarf við FA o.fl. og athugað með útkomu EQM gæðakerfisins.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: 2014 og áfram

6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2013 – nokkrar lykiltölur

Starfsafl var rekið með halla (5,5 m.kr) árið 2013 vegna aukinnar eftirspurnar, sérstaklega á sviði einstaklingsstyrkja. Heildartekjur jukust nokkuð (14%), einkum vegna tekna frá Evrópustyrkjum en náðu þó ekki að standa undir heildarútgjöldum, sem jukust um 16% frá 2012. Þessi þróun og hallarekstur hefur verið viðvarandi síðan árið 2009.

Tekjur sjóðsins (tekjur og fjármagnstekjur) árið 2013 voru 140,1 m.kr. (2012: 123,0 m.kr), útgjöld (styrkir og rekstur) voru 149,2 m.kr (2012: 128,2 m.kr.) og eigið fé minnkaði því um 9,1 m.kr (2012: minnkun 5,3 m.kr.) Eigið fé sjóðsins í árslok var 132,2 m.kr (2012: 141,2 m.kr.). Góð raunávöxtun varð á eigin fé sjóðsins.

6.2 Rekstraráætlun 2013 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir 42% hærrí tekjum af starfsmenntagjaldi einkum vegna herra hlutfalls starfsmenntagjalds af launum (0,30% sbr. 0,20% síðustu ár) sem og launahækkana og minna atvinnuleysis. Bráðabirgðatölur sjóðsins benda til þessa. Eins og venjulega ríkir nokkur óvissa um spurn eftir styrkjum og eins með ávöxtun sjóðsins. Gert er ráð fyrir svipaðri aukningu í einstaklingsstyrkjum í ljósi niðurstaðna fyrstu 4 mánaða ársins 2014. Gert er ráð fyrir að eyða meira í kynningarstarf á árinu 2014 en oft áður, einkum gagnvart fyrirtækjum. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2013.

Áætlaðar tekjur ársins 2014:

| | |
|--|----------------------|
| - Framlög stéttarfélaganna (óbreytt) | 7.000 þús kr |
| - Framlag starfsmenntagjalds, 0,25% (+42%) | 138.019 þús kr |
| - Aðrir styrkir (Evrópustyrkir, -43%) | 13.000 þús kr |
| - Vaxtatekjur (-10%) | <u>11.904 þús kr</u> |
| Tekjur ársins samtals, áætlun (+21%): | 169.923 þús kr |

Áætluð útgjöld 2014:

| | |
|--|----------------------|
| - Laun, húsaleiga og annar rekstur (+3%) | 23.339 þús kr |
| - Kynningarátak gagnvart fyrirtækjum | 4.000 þús kr |
| - Einstaklingsstyrkir (+13%) | 106.223 þús kr |
| - ESB verkefni (-32%) | 11.000 þús kr |
| - Fyrirtækjastyrkir (+20%) | <u>19.768 þús kr</u> |

Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (+10%): 164.329 þús kr

Tekjur umfram gjöld: 5.593 þús kr

Áætlaðar eignir í lok árs 2014: 137.762 þús kr

Kostnaður við styrkkrónu 2006: 0,59 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2007: 0,42 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2008: 0,34 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2009: 0,23 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2010: 0,24 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2011: 0,27 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2012: 0,21 kr

Kostnaður við styrkkrónu 2013: 0,18 kr